

Úr bókinni: *A Treatise on White Magic* eftir Alice A. Bailey.

## ÞRIÐJA REGLA

*Orkan streymir um hringrásina. Ljósþunkturinn, ávöxtur af starfi hinna fjögurra, vex og stækkar. Fjöldinn safnast saman í kringum hitann frá glóð hans uns ljós hans dofnar. Eldur hans dimmist. Þá skal annar hljómurinn fram ganga.*

Ljós sálarinnar og ljós líkamans.

Meginreglur og persónuleikar.

# ÞRIÐJA REGLA

Ljós sálarinnar og ljós líkamans.

Í þessum reglum um kynngi er að finna lögmál sköpunarstarfs, og þær benda á leiðina fyrir manninn til að starfa sem sál í holdgun. Meginefni þeirra fjallar ekki um reglur þær sem ráða þroska mannsins. Margt er að sjálfsögðu hægt að læra í því sambandi, því maðurinn þroskast í gegnum skapandi starf og skilning, en það er ekki meginmarkmið fræðslunnar.

Sem afleiðing af vaxandi samfjöllun þeirrar hugleiðslu sem sálin iðkar á sínu eigin sviði og hinn leitandi maður á efnissviðinu, birtist ljóspunktur í efnisheilanum sem hefur kviknað (dulfræðilega séð) á sviði hugans. Ljós er ætíð merki um tvennt, orku og birtingu hennar í formi af einhverri gerð, því ljós og efni eru hugtök sömu merkingar. Hugsun mannsins og hugmynd sálarinnar hafa fundið sameiginlegan vettvang fyrir gagnkvæman skilning, og vísir af hugformi hefur orðið til. Þegar þetta hugform er fullmótað mun það fela í sér eins mikið af hinu mikla áformi (því er Helgivaldið vinnur að) sem maðurinn getur séð fyrir sér, náð tökum á og birt á hugarsviðinu. Í byrjun leitarinnar, á fyrstu skrefunum á braut lærisveinsins og við fyrstu tvær vígslurnar, lýsir orðið „þjónusta“ þessu fullkomlega. Hann skilur, óljóst í byrjun, hugmyndina um einingu lífsins, og hvernig það birtist í formi bræðralags milli allra forma þessa guðlega lífs. Smám saman leiðir þessi hugsjón til skilnings á því hvernig þessi eðlislægu tengsl geta orðið að hagnýtu gagni. Þau má sjá birtast í hinum miklu mannúðarsamtökum, stofnunum sem vinna að því að lina þjóningar manna og dýra, og hinni alheimslegu viðleitni til að bæta samskipti milli þjóða, trúarbragða og hópa.

Nægilega margir einstaklingar í fjölskyldu mannsins hafa komist í snertingu við hina guðlegu áætlun til að hægt sé með vissu að álykta að hinn sameiginlegi heili mannkynsins (þeirrar lífveru sem við tölum um sem fjórða náttúruríkið) sé orðinn móttækilegur fyrir sýninni og hafi mótað hið lýsandi form hennar á hugarsviðinu. Síðar meir verður hugmyndin um þjónustu og sjálf talin ófullnægjandi og annað tjáningarform fundið sem hentar betur, en hún dugir að sinni.

Hugformið sem leitandinn skapar verður til vegna einbeittar orku sálarinnar og umbreyttra krafta persónuleikans. Þessu má lýsa þannig að það gerist í þrem áföngum.

1. Tímabilið þegar leitandinn berst við að öðlast þá innri kyrrð og athygli undir fullkominni stjórn sem gerir honum kleift að heyra Rödd Þagnarinnar. Sú rödd tjáir honum, með táknum og lífsreynslu sem hann þarf að túlka, þau markmið og áform sem hann getur tekið

þátt í að vinna að. Í samræmi við stöðu hans á þróunarbrautinni munu þessi áform birta annað hvort:

- a. Áform sem þegar hafa tekið efnisbirtingu í formi hópstarfsemi á efnissviðinu. Hann getur tekið þátt í því starfi og gert markmið þess að sínu markmiði.
- b. Áform eða hluta áforms sem eru hans einstaklingsbundu forréttindi að efnisbirta og verða þannig orsök að því að til verður hópstarfsemi á efnissviðinu. Hlutverk sumra leitanda er að aðstoða og hjálpa þeim hópum sem þegar eru í virku starfi. Hlutverk annarra er að hrinda í framkvæmd þeirri starfsemi sem enn er aðeins til á hugræna sviðinu. Það eru aðeins þeir leitendur sem eru lausir við persónulegan metnað sem geta raunverulega tekið þátt í þessum seinni þætti starfsins. Því er sagt: „Útrým metnaði.“

2. Tímabilið þegar hann þjálfar sig í næmri hlustun og réttri túlkun hinnar innri raddar sálarinnar og íhugar vandlega skilaboðin sem hann fær. Á þessu tímabili „streymir orkan um hringrásina.“ Varanleg og háttbundin svörun við hugarorku sálarinnar verður til og stöðugt orkuflæði er á milli orkumiðstöðvanna tveggja, það er sálarinnar á sínu eigin sviði og mannsins í efnislegri birtingu. Orkan berst eftir „þræðinum“ sem nefndur er sútratma og orsakar gagnkvæma tíðnisvörun milli heilans og sálarinnar.

Hér má bregða upp áhugaverðu sjónarmiði upplýsinga, þar sem það er ætíð ætlun mín í þessari fræðslu að tengja saman mismunandi þætti guðdómsins eins og þeir birtast í mannum eða stórheiminum, Himnamanninum.

Hið forna jóga frá tímum Atlantis (en brot af því hefur borist til okkar í kenningum um jóga orkustöðvanna) gefur okkur þær upplýsingar að spegilmynd sútratma-þráðarins í lífkerfi mannsins sé mænan í hryggnum, og að í henni séu þrjár taugarásir. Þær eru nefndar ída, pingala og miðrásin súshúmna. Þegar negatífir og pósítífir kraftar líkamans, sem tjá sig í gegnum ída og pingala taugarásirnar hafa náð jafnvægi geta kraftarnir streymt upp og niður eftir miðrásinni til og frá heilanum, í gegnum orkustöðvarnar upp með hryggnum, án nokkurs tálma. Þá er um að ræða fullkomnaða birtingu sálarinnar í hinum efnislega manni.

Þetta er í raun og veru samsvörun við sútratma-þráðinn sem tengir manninn á efnissviðinu og sálina, því að sútratma tjáir hina pósítífu orku andans, negatífa orku efnisins og hina jafnvægu orku sálarinnar, en núverandi markmið mannkynsins er einmitt að ná stigi jafnvægisins. Á tímanum þegar síðari vígslurnar eru teknar leysir pósítíf notkun á orku andans af hólmi jafnvæga notkun sálarkrafts, en það er síðari tíma ástand sem leitandinn þarf ekki að velta vöngum yfir að sinni. Lát hann finna hinn „göfuga miðjuveg“ á milli andstæðnanna, og þá mun hann uppgötva að kraftarnir, sem hann beitir á efnissviðinu, nota sjálfkrafa miðrásina upp með hryggnum. Þetta gerist þegar miðlun ljóss og sannleika til efnisheilans, í gegnum miðrás hinnar samtengjandi sútratma, er komin á það stig að hún komi að hagnýtum notum. Þær

hugmyndir (táknrænt séð), sem berast í gegnum negatífa rás sútratma, eru vel meintar, en þær skortir kraft og fjara út án þess að koma að gagni. Þær eru litaðar tilfinningum og skortir það skipulagða form sem hreinn hugur getur veitt. Þær sem berast eftir andstæðri rás (myndrænt séð) formast of hratt og mótast af persónulegum metnaði hins ráðandi huga. Hugurinn er ætíð sjálfselskur og eigingjarn og tjáir þann persónulega metnað sem ber í sér fræ sinnar eigin eyðingar.

Hins vegar, þegar hin sútratmíska súshúmna, eða miðju taugarásin og orka hennar, er notuð, miðlar sálin orku hennar sem máttugur vitsmunalegur skapandi. Áformin geta þá orðið að veruleika í samræmi við guðlegan tilgang og unnið sitt uppbyggingarstarf „í ljósinu“. Á snertipunkti sálar og persónu verður til ljósdepill, eins og við höfum séð í kynngireglunum, og hann á sinn brennipunkt á þeim stað í sútratma sem er hliðstæða ljóssins í höfði leitandans.

3. Tímabilið þegar hann tónar Orðið helga, blandar því við rödd sálarinnar og kemur af stað hreyfingu í hugrænu efni í þeim tilgangi að byggja hugform sitt. Nú er það maðurinn á efnissviðinu sem hljómar Orðið, og það gerir hann á fjóra vegu:

a. Hann verður Orðið í holdgun og leitast við „að vera sá sem hann er.“

b. Hann hljómar Orðið innra með sjálfum sér og leitast við að hljóma það sem sálin.

Hann sér sjálfan sig sem sálin andandi frá sér orku með Orðinu um allt lífkerfið sem hún lífgar — hugrænt, geðrænt, etherískt og efnislegt starfstæki hans.

c. Hann tónar Orðið upphátt á efnislega sviðinu og hefur með því móti áhrif á þrjár efnisgerðir í umhverfi sínu. Meðan á því stendur „heldur hann huganum stöðugum í ljósinu“ og lætur vitund sína dvelja óhreyfanlega í ríki sálarinnar.

d. Samhliða vinnur hann stöðugt (og það er erfiðasti þátturinn) að sjónmyndun hugformsins, því sem hann vonast til að geti birt þann hluta áætlunarinnar sem hann hefur komist í snertingu við, og hann vonast til að geta gert að virkum raunveruleika með lífi sínu og í umhverfi sínu.

Þetta er aðeins hægt í raun og sannleika þegar gagnkvæmur skilningur á milli sálarinnar og heilans er orðinn viðvarandi. Í því felst sú hæfni heilans að nema það sem sálin sér og verður vör við í ríki sálarinnar. Í því felst einnig samhliða starfsemi hugans, því leitandinn verður að túlka sýnina og hagnýta sér hæfileika hinna hlutlægu vitsmuna til að aðlaga með viturlegum hætti tíma og form til sannrar tjáningar þess sem lært er. Þetta verkefni er með engu móti auðvelt viðfangs, en leitandinn verður að læra smátt og smátt að tjá sig með fullri vitund á fleiri en einn veg, og það samtímis. Hann byrjar að læra að vinna þrefalt starf með þessum hætti. *Skýringaritið forna* orðar það á eftirfarandi hátt:

Kringla sólarinnar skín í geisladyrð. Uppljómaður hugurinn endurspeglar dyrð

sólarinnar. Kringla mánans stígur upp frá miðjunni til hátindsins og ummyndast í geislandi sól. Þegar þessar þrjár sólar eru eitt leiftrar Brahma fram. Upplýstur heimur hefur fæðst.

Bókstaflega séð merkir þetta að þegar sálin (táknud með sólarkringlunni), hugurinn og ljósið í höfðinu mynda eina heild, getur skapandi máttur sólarengilsins birt sig í heimunum þrem og skapað form sem kraftur hans getur tjáð sig í gegnum á virkan hátt. Kringla tunglsins táknar sólarplexus-stöðina sem með tíð og tíma þarf að gera tvennt:

1. Blanda og samfjalla orkutegundir lægri stöðvanna tveggja, og
2. lyfta þessum samfjölludu orkutegundum og sameina þær orkutegundum æðri orkustöðvanna, og lyfta þeim síðan til höfuðsins.

Allt það sem sagt er hér að ofan er í formi fræðslu og kenninga. Úr því þarf leitandinn að vinna með hagnýtu tilraunastarfi og við reynslu og meðvitað starf.

Ég vil einnig benda á eðli þeirrar þjónustu sem mannkynið í heild sinni veitir hinni almennu þróunaráætlun. Reglan sem við erum nú að fjalla um á ekki eingöngu við manninn sem einstakling, hún á ekki síður við fyrirfram ákveðið ætlunarverk fjórða ríkis náttúrunnar. Með hugleiðslustarfi sínu, ögun og þjónustu, er maðurinn nú að glæða og efla ljóspunkturinn, sem kviknaði við einstaklingsmyndunina á fyrra tímasteiði, svo að hann verði að geislandi ljósi sem lýsir upp heimana þrjá. Endurskin hans er að finna í ljósinu í höfðinu. Þannig verða til gagnkvæm tengsl sem gerir mögulega samstillingu á sveiflutíðni og einnig samstillingu á útgeislun, og birtingu á segulmögnum krafti sem mögulegt er að bera kennsl á í nánasta umhverfi mannsins í heimunum þrem.

Svo er einnig um mannkynið. Eftir því sem uppljómun þess vex og ljós þess verður máttugra verða áhrif þess á lægri ríki náttúrunnar sambærileg við áhrif sálar einstaklingsins á spegilmynd sína, manninn í efnislegri birtingu. Ég segi sambærileg sem orsakavaldandi kraftur þó samræmi sé ekki í afleiðingunum. Takið eftir þessum greinarmun. Mannkynið er stórheimur fyrir lægri vitundarstigin, en H.P.B. hefur einmitt gert þessu góð skil. Áhrifin á þessi lægri og efniskennari tilveruform eru aðallega ferns konar.

1. Örvun hins andlega eðlisþáttar, sem birtist sem sálin í öllum formum, svo sem formi steintegundar, blóms eða dýrs. Hinn pösítífi orkuþáttur í öllum þessum formum verður sterkari og framkallar t.d. vaxandi geislavirkni í steinaríkinu. Hér er að finna vísbendingu um eðli þess ferlis sem ráða mun tilverutíma plánetunnar okkar, og einnig sólkerfisins okkar með tíð og tíma. Áhrifin í jurtaríkinu koma fram í vaxandi fegurð og fjölbreytni og í því að nýjar tegundir þróast með markmið sem ómögulegt er að útskýra fyrir þeim sem ekki eru vígsluhafar. Ein afleiðingin verður framleiðsla næringarforma sem þjóna þörfum lægri tívanna og englanna.

Áhrifin í dýraríkinu verða þau að þjáning og sársauki hverfa og hinar fullkomnu aðstæður aldingarðsins Edens verða ríkjandi. Maðurinn, starfandi sem sál, læknar; hann örvar og lífgar; hann miðlar andlegum kröftum alheimsins, og öll skaðleg útgeislun og allir eyðandi kraftar rekast á varnarvegg í mannkyninu. Hið illa og birting þess er að mestu háð því að finna sér miðlunarrás í gegnum mannkynið. Mannkynið hefur það verkefni að miðla og meðhöndla kraft. Fyrst í stað, þegar fáfræði er ríkjandi, gerist það á skaðlegan hátt og hefur slæmar afleiðingar. Síðar, þegar unnið er undir áhrifum frá sálinni, er kraftur meðhöndlaður á réttan og viturlegan hátt og afleiðingin verður hið góða. Sannlega er það rétt að „allt sköpunarverkið hefur stritað og þjáðst allt til vorra daga, bíðandi þess að Synir Guðs birtist á jörðinni.“

2. Upplýsing. Mannkynið er ljós plánetunnar og miðlar ljósi þekkingar, visku og skilnings, dulfræðilega séð. Þessir þrjú eðlisþættir ljóssins færa með sér þrjár tegundir sálarorku til sálarinnar í öllum formum, með tilstilli anima mundi, heimssálarinnar. Efnislega séð má gera sér grein fyrir þessu ef við virðum fyrir okkur mismuninn á lýsingu plánetunnar nú á tímum og eins og hún var fyrir fimm hundruð árum síðan — við sjáum bjartar upplýstar borgir okkar og dreifðar byggðir skínandi í gegnum nóttina með upplýstum strætum sínum og heimilum; úthöfin með ljósum skryddum skipum á víð og dreif, og í vaxandi mæli upplýst flugför okkar sem þjóta um himingeiminn.

Þetta eru aðeins afleiðingar af vaxandi upplýsingu mannsins. Skilningur hans á þekkingarþætti ljóssins er orsök fyrir því að þetta hefur orðið til. Hver getur sagt fyrir um það sem gerist þegar meginþáttur viskunar verður ráðandi? Þegar þetta tvennt sameinast í meginþætti skilningsins mun sálin ráða í heimunum þrem og öllum ríkjum náttúrunnar.

3. Orkumiðlun. Hægt er að átta sig á vísbendingu um gildi þessa þáttar sem hugmynd, þó skilningur á henni sé ekki mögulegur að sinni. Það er sú hugmynd að mannkynið orki á og hafi áhrif á hin þrjú lægri ríki náttúrunnar. Hinn niðurstreymandi andlegi þríhyrningur og hinn uppstreymandi efnislegi þríhyrningur mætast horn í horn í mannkyninu þegar jafnvægi hefur náðst. Von heimsins felst í árangri og andlegri ummyndun mannsins. Mannkynið er sjálft heimsfrelsarinn, en fyrir það hafa allir aðrir heimsfrelsarar aðeins verið tákni og um leið trygging.

4. Sameining tíva- eða englaþróunarinnar og þróunarbrautar mannsins. Þetta er leyndardómur sem leysist þegar maðurinn nær vitun síns eigins sólarengils, en uppgötvar þá að hún er einnig aðeins lífsform sem hann verður að yfirstíga þegar það hefur þjónað tilgangi sínum. Engla- eða tívaþróunin er ein af hinum miklu orkubrautum hinnar guðlegu birtingar, og sólarenglarnir, Agnishvattarnir í bókunum *The Secret Doctrine* og *A Treatise on Cosmic Fire*, tilheyra þessari braut í formeðli sínu.

Þannig þjónar mannkynið, og með því að þroska meðvitaða hneigð til þjónustu, með vaxandi meðvituðum skilningi á verkefninu sem einstaklingurinn þarf að vinna við framgang áætlunarinnar og með því að gera persónuleikann undirgefinn sálinni, tekur mannkynið stöðugum framförum í átt til markmiðs síns, heimsþjónustu.

Má ég segja hér nokkur orð í þeim tilgangi að gera þessa fullkonnun að hagnýtu markmiði í lífi ykkar? Orsakir hins illa í heiminum umhverfis okkur, að hinum þrem lægri ríkjum náttúrunnar meðtöldum, stafa af skaðlegum aðstæðum í segulsviðinu sem orsakast af rangri meðhöndlun mannsins á orku. Hvernig getum við, sem einstaklingar, breytt þessu? Það er með því að þroska með sjálfum okkur skaðleysi. Því skulið þið skoða ykkur sjálf frá þessu sjónarmiði. Rannsakið hina daglegu framkomu ykkar, orð og hugsanir í þeim tilgangi að gera þau algerlega skaðlaus. Setjið ykkur það markmið að hugsa aðeins þær hugsanir um ykkur sjálf og aðra sem eru uppbyggjandi og jákvæðar, og þar af leiðandi skaðlausar í áhrifum sínum. Athugið hvernig tilfinningar ykkar hafa áhrif á aðra, svo að ekkert hugarástand, þunglyndi eða tilfinningaumrót geti skaðað neinn sem þið umgangist. Munið í þessu sambandi að áköf andleg viðleitni og eldmóður, sem ekki er beitt eða stjórnað á réttan hátt, getur mjög auðveldlega skaðað aðra, athugið því ekki eingöngu neikvæðar tilhneigingar ykkar heldur einnig hvernig þið beitið dyggðum ykkar.

Ef skaðleysið er grunntónn lífs ykkar, mun það verða áhrifameira við að mynda rétta samstillingu í persónuleika ykkar en nokkur sú ögun sem byggir á öðrum leiðum. Hin róttæka hreinsun, sem viðleitnin til skaðleysis veldur, mun að miklu leyti útrýma röngu vitundarástandi. Farið því eftir þessum ábendingum og íhugið þær við kvöldupprifjun ykkar.

Ég vil hvetja hvern þann sem les þessar línur til að hefja nýtt líf andlegrar viðleitni á ferskum grunni. Ég bið hann að gleyma því sem áður hefur áunnist, virkja krafta hrifningar og ákafa og einbeita sér að Áætluninni.

Þegar hér er komið sögu hefur örugglega orðið nokkur árangur í heildisskilningi, og minni áhugi á hinu aðgreinda sjálfi hefur áunnist. Vafalaust hafa menn öðlast meiri trú á hinu góða lögmáli sem leiðir allar skapaðar verur í átt til endanlegrar fullkonnunar, og sú hugsýn hefur gert þeim fært að beina athyglinni frá atvikum hinnar einstaklingsbundnu reynslu og binda hana við það verkefni að vinna að markmiðum heildarinnar. Það er tilgangurinn og markmiðið. Víðtæk sýn, heildrænn skilningur og víðari sjóndeildarhringur eru frumskilyrði fyrir öllu starfi sem fer fram undir leiðsögn bræðralags fullnumanna; nokkur þróun í stöðgun vitundarinnar í hinu eina lífi og skilningur á grundvallareiningu allrar sköpunar verður að hafa átt sér stað áður en hægt er að treysta nokkrum manni fyrir vissum þekkingaratriðum og máttarorðum ásamt meðhöndlun þeirra krafta sem umbreyta huglægum veruleika til ytri raunbirtingar.

Því segi ég ykkur nú — sem eldri og ef til vill nokkuð reyndari lærisveinn og verkamaður í hinum mikla víngarði Drottins — iðkið skaðleysi með brennandi áhuga og skilningi, því það brýtur niður allar hindrandir sé því réttilega framfylgt. Andstæða skaðleysis byggist á eigingirni og sjálfhverfri afstöðu. Hún er birting þeirra krafta sem sameinast í sjálfseflingu, sjálfsupphafningu og sjálfsfullnægingu. Skaðleysi er lífstjáníng þess manns sem sér að hann er alls staðar nálægur, lifir sálarmeðvitaður, er kærleikur í eðli sínu, notar hina sameinandi aðferð og hefur sömu afstöðu til allra forma, að því leyti sem þau hjúpa og dylja ljósið og eru aðeins ytri birting Hinnar einu takmarkalausú veru. Ég vil minna ykkur á að þessi

afstaða birtist í sönnum skilningi á þörf meðbróðurs án tilfinningasemi eða hentugleika aðstæðna. Hún leiðir til þess að vissar raddir hljóðna, þar sem athyglin beinist ekki að hinu aðgreinda sjálfi. Hún framkallar þá tafarlausu svörun við sannri þörf sem einkennir Hina máttugu sem líta undir yfirborðið og sjá hina innri orsök þess sem birtist í aðstæðum í hinu ytra lífi, og með þeirri visku er hægt að gefa sanna hjálp og leiðsögn. Í lífinu veldur skaðleysi varfærni í dómum, orðfæð, hæfni til að forðast hvatvíslegar athafnir og að komið er fram í anda gagnrýnisleysis. Þannig er mögulegt að gefa kröftum hins sanna kærleika greiða framrás ásamt þeim andlegu orkutegundum sem virðast lífga persónuleikann. Afleiðingin er rétt athöfn.

Lát því skaðleysi vera grunntón lífs ykkar. Kvöldupprifjun ykkar ætti að vera algerlega í þessum anda; skiptið upprifjuninni í þrjá hluta og íhugið:

- 1.Skaðleysi í hugsun. Afleiðingin er fyrst og fremst stjórn á mæltu máli.
- 2.Skaðleysi í tilfinningasvörunum. Afleiðingin verður sú að farvegur myndast fyrir kærleikseðli sálarinnar.
- 3.Skaðleysi í athöfnum. Það mun leiða til sjálfsstjórnar, færni í verki og lausnar hins skapandi vilja.

Þessar þrjár leiðir að viðfangsefninu ætti að skoða með hliðsjón af áhrifum þeim sem þær hafa á manninn sjálfan og þroska hans, og einnig með hliðsjón af áhrifunum sem þær hafa á þá sem hann hittir og á samskipti við, eða alla þá sem teljast til hans nánasta umgengishóps.

Má ég skjóta hér inn þeirri athugasemd að tillögur mínar byggjast á reynslu í dulfræðistarfi. Það er alls engin hlýðniskylda. Ósk okkar er sú að þjálfar skynsama þjónendur mannkynsins, og slíkt gerist eingöngu með sjálfviljugu átaki, frelsi í athöfn og dómgreind við val aðferðar, en ekki með gagnrýnislausri hlýðni, óvirkri undirgefni eða blindri fylgispekt. Verið þessa ætíð minnug. Ef nokkur fyrirmæli berast frá hinum innræða flokki kennara, sem ég auðmjúklega tilheyri, þá eru það aðeins þau að fylgja fyrirmælum sálarinnar og áminningum æðra sjálfsins.

Áður en við höldum áfram við að greina þessa reglu og þá fyrri, því að önnur og þriðja reglan mynda tvo helminga af heild, vildi ég minna ykkur á það að við þessa röð hugleiðinga um hinar fornu formúlur erum við að fást við kynngistarf leitandans sem samstarfsaðila í fyrirætlunum Hinnar miklu hvítu stúku. Við erum að fást við aðferðir hvítakynngi. Ég vil einnig minna ykkur á það að kynngistarf Helgivalds plánetunnar okkar felst í því að sinna sálinni í heimi formanna svo að mögulegt sé að fóstura og hlúa að hinu vaxandi blómi sálarinnar á þann veg að geislandi dýrð, segulmagnaður kraftur og (um síðir) andleg orka geti birst með tilstilli formsins. Á þann hátt má sjá opinberaðan mátt hinna þriggja geisla guðlegrar raunbirtingar.

Fyrsti geisli .....Andleg orka



Annar geisli .....Segulmagnaður kraftur

Þriðji geisli .....Geislandi dýrð

Smáheimslega endurspeglun þessa geisla er einnig að finna í áru hins fullkomnaða manns.

Fyrsti geisli ....Mónad .....Andleg orka .....Höfuðstöð

Annar geisli .....Sál .....Segulmagnaður kraftur ..Hjartastöð

Þriðji geisli ....Persóna ...Geislandi dýrð .....Sólarplexus

Þið spyrjið hvers vegna ég nefni ekki hálsstöðina. Það er vegna þess að orkustöðvarnar neðan þindar eru aðallega táknmynd hins persónulega lægra sjálfs, og í gegnum samfjöllunarstöð þeirra, sólarplexus-orkustöðina, tjá þær hinn segulmagnaða kraft efnisins í manninum. Hálsstöðin hrífst til vaxandi skapandi starfs eftir því sem persónuleikinn fer að samstillast sálinni.

Við skulum nú taka til athugunar lokaorðin í fyrri reglu: „*Lægra ljósinu er varpað upp; æðra ljósið uppljómar hina þrjá, og starf hinna fjögurra heldur áfram.*“

Hvað er hægt að segja um þetta lægra ljós? Neminn þarf að hafa í huga að hann þarf við núverandi aðstæður að taka til athugunar þrjá ljóslíkama:

Það er hinn geislandi líkami sjálfrar sálarinnar sem staðsettur er á sínu eigin sviði. Hann er oft nefndur karana sarira eða orsakalíkaminn.

Það er lífsorku- eða etherlíkaminn, starfstæki prönnunar. Hann er líkami hins gullna ljóss, eða öllu heldur hið logagyllta starfstæki.

Það er líkami „hins dimma ljóss“, sem er hinn dulfræðilegi háttur við að nefna hið dulda ljós efnislíkamans og ljósið sem dylst í sjálfu atóminu.

Rætt er um þessar þrjár gerðir orku í *Skýringaritinu forna* með eftirfarandi táknrænum orðum:

„Þegar hið geislandi ljós sólarengilsins samtvinnast gullnu ljósi hins kosmíska meðalgangara, vekur það úr myrkri hið streymandi ljós anú, agnarinnar.“

„Kosmíska meðalgangarinn“ er nafnið sem gefið er etherlíkamanum, því hann er hluti hins alheimslega ethers. Allar orkutegundirnar flæða í gegnum etherlíkamann, hvort sem þær stafa frá sálinni, sólinni eða einhverri plánetu. Öll áhrif, sem ekki stafa sérstaklega frá hinum ápreyfanlega heimi, berast eftir þessum lifandi rásum úr eldskjarna.

Dimmt ljós hinna örsmáu atóma, sem mynda efnislega starfstækið, er móttækilegt fyrir örvun sem streymir frá sálinni inn í efnislíkamann, og þegar maðurinn er undir stjórn sálarinnar kemur að því að ljósið um allan líkamann blossar upp. Það birtist í ljómanum sem stafar frá

líkama fullnuma eða dýrlings og er eins og hjart og skínandi ljós.

Þegar hið geislandi ljós sálarinnar hefur blandast segulljósi lífsorkulíkamans, örvar það atóm efnislíkamans svo mikið að hvert atóm verður að örsmárri geislandi orkustöð. Þetta er aðeins mögulegt þegar höfuð-, hjarta-, sólarplexus- og mænurótarstöðin eru samtengdar á sérstakan hátt, en það er einn af leyndardómum fyrstu vígslunnar. Þegar samstarfið milli þessara fjögurra er orðið náð er „grunnflötur þríhyrningsins“, táknrænt séð, reiðubúinn fyrir kynngistarfið. Þessum fjórum má einnig lýsa með eftirfarandi orðum:

*a.* Hið þetta efnisform og orkustöð þess, mænurótarstöðin.

*b.* Lífsorkulíkaminn sem starfar í gegnum hjartastöðina þar sem lífsfrumtakið er staðsett.

Virgni líkamans, sem stafar frá þessari örvun, berst með hringrás blóðsins.

*c.* Tilfinningalíkaminn sem starfar í gegnum sólarplexus-stöðina.

*d.* Höfuðstöðin, milliliðalaus fulltrúi sálarinnar og túlkandi hennar, hugurinn. Öll þessi fjögur hafa náð fullkomnu samræmi og samstillingu.

Þegar svo er raunin verður vígsla möguleg og einnig hið virka starf lærisveinsins þess á milli. Fram til þessa hefur ekki verið hægt að halda starfinu áfram. Fyrirboði þessa birtist hjá leitandanum þegar táknrænir atburðir verða í tengslum við ljósið í höfðinu, en það er fyrirboði vígslunnar sem síðar mun verða.

Á þessu stigi kemst sálarljósið inn á yfirráðasvæði heilaköngulsins. Þar hefur það þau áhrif að etherinn eða lífsloftið í höfðinu lýsist upp og verður geislandi; það örvar atóm heilans svo að ljós þeirra blandast og sameinast ljósi ethersins og ljósi sálarinnar. Þar verður þá til sú innri geislandi sól sem leitandinn verður meðvitað var við í efnisheila sínum. Nemar ræða oft um dreift ljós eða glóð, en það er ljós efnisatómanna sem mynda heilann. Síðar tala þeir ef til vill um að þeir sjái eitthvað sem líkist sól í höfðinu. Það er samruni etheríska ljóssins og ljóss efnisatómanna. Síðar verða þeir varir við ákaflega skært rafmagnað ljós; það er sálarljósið ásamt ljósi ethersins og efnisatómanna. Þegar þeir sjá þetta ljós verða þeir oft varir við dökkan blett í miðpunkti hinnar geislandi sólar. Það er inngangurinn að Brautinni afhjúpaður í „skini ljóssins á dyrnar“.

Nemar verða að hafa það í huga að mögulegt er að ná háu stigi andlegrar vitundar án þess að sjá nokkuð af þessari geislun í heilanum. Þetta er aðeins fyrirbæri og skynjun þess er að mestu háð eiginleikum efnislíkamans, fyrra karma og árangri og hæfni leitandans til að færa niður „mátt að ofan“ og halda þeirri orku stöðugri í miðstöð heilans á meðan hann sjálfur er óháður forminu í hugleiðslu og getur horft á það ótruflaður.

Þegar þessu stigi er náð (en það er þó ekki markmið í sjálfu sér heldur aðeins vísbending sem vitundin tekur eftir og vísar síðan frá sér) veldur örvunin svörun hjá efnislíkamanum. Örvuninni veldur hið segulmagnaða ljós í höfðinu og hinn geislandi kraftur sálarinnar. Sveiflutíðni orkustöðvanna örvast og hún vekur atóm efnislíkamans þar til loks að máttur

sveiflutíðni etherlíkamans hefur hrifið jafnvel lægstu orkustöðina til sambærilegrar virkni og hin æðsta hefur. Þannig eru eldar líkamans (samheild orku atómanna) örvaðir til vaxandi virkni þar til sá tími kemur að eldsorkan færir upp eftir hryggnum. Þetta ferli er undir segulmagnaðri stjórn sálarinnar sem situr „í hásæti sínu milli augabrúnanna“.

Hér kemur til sögu einn þáttur í starfi jóga, fráhrarf eða fjarlæging. Þegar ljósin þrjú hafa blandast, orkustöðvarnar eru vaknaðar og atómin einnig orðin virk, er manningum mögulegt að innstilla þau öll þrjú í höfðinu að vild. Hann getur þá með viljaathöfn og þekkingu á vissum máttarorðum náð samadhi-stiginu, horfið frá líkama sínum og borið með sér ljósið. Þannig upplýsir hið meira ljós (ljósin þrjú samstillt og sameinuð) hina þrjá starfsheima mannsins og „lægra ljósinu er varpað upp“, og það lýsir upp öll svið meðvitaðrar og ómeðvitaðrar reynslu mannsins. Í dulfræðiritum meistaranna er rætt um þetta með eftirfarandi orðum:

„Þá ber Tarfur Guðs ljósið í enninu og augu hans stafa frá sér ljómanum; höfuð hans líkist hinni geislandi sól í segulmögnum krafti sínum, og frá lótusblómi höfuðsins opnast brautin. Hún liggur inn í hina æðri tilveru og framkallar lifandi eld. Tarfur Guðs sér sólarengillinn og veit að þessi engill er ljósið sem lýsir braut hans.“

Starf hinna fjögurra heldur áfram. Þeir eru sameinaðir. Sólarengillinn hefur sameinast starfstæki sínu; líf hins innri guðdóms ræður lífi hjúpanna; ljós húpanna er sameinað ljósi sálarinnar. Höfuðið, hjartað og mænurótin eru rúmfræðilega samstillt og viss þróun verður möguleg.

Grundvöllur að kynngistarfi sálarinnar er lagður í þessum tveim reglum. Við skulum til nánari skýringar telja upp þau skref sem lýst hefur verið:

- 1.Sólarengillinn byrjar á því verki að vígja persónuleikann.
- 2.Hann flytur krafta sína frá starfi sínu í andlega ríkinu og beinir athygli sinni að starfinu sem inna þarf af hendi.
- 3.Hann hefur djúpa íhugun.
- 4.Stofnað er til gagnkvæms sambands við starfstækið í heimunum þrem.
- 5.Starfstækið, maðurinn, bregst við og hefur einnig hugleiðslu.
- 6.Starfið heldur áfram í skipulögðum skrefum og með háttbundinni virkni.
- 7.Ljós sálarinnar streymir niður.
- 8.Ljós lífsorkulíkamans og efnislíkamans er samstillt ljósinu í höfðinu.
- 9.Orkustöðvarnar vakna til virkni.
- 10.Ljós sálarinnar og hin ljósin tvö eru nú svo skær að allt líf í heimunum þrem er upplýst.
- 11.Samstillingu er komið á, lærisveinsstigið og vígsla er nú möguleg, og starfið heldur áfram í samræmi við tilvistarlögmálið.

## Meginreglur og persónuleikar.

Það er eitt atriði sem vert er að íhuga. Hægt er að nálgast það í formi spurningar. Neminn kann að spyrjast fyrir um efnið á eftirfarandi hátt:

„Sumir nálgast vandamál tilverunnar með huglægum hætti; aðrir með skynjun hjartans; sumir mótast af vitsmunum en aðrir af kærleika; sumir gera eitthvað eða gera það ekki vegna þekkingar en ekki skynjunar; sumir bregðast við umhverfi sínu vitsmunalega en ekki með tilfinningunum.

„Atriðið sem þarfnast útskýringar er það hvort leiðin fyrir suma sé ekki sú að þjóna vegna þess að þeir þekkjá frekar en elska Guð, sem í raun er þeirra innsta sjálf. Er það ekki leið dulfræðingsins og spekingsins frekar en launspekingsins og dýrlingsins? Þegar allt kemur til alls er það ekki fyrst og fremst spurning um geislann sem maðurinn er á og meistarann sem hann þjónar sem lærlingur? Er ekki sönn þekking ein grein af vitsmunalegum kærleika? Ef skáld getur ort óð um vitsmunalega fegurð, því getum við ekki tjáð skilning á einingu sem verður til í höfðinu frekar en hjartanu? Hjartað er ágætt á sínu sviði, en það hentar ekki til notkunar í hrjúfum og óblíðum heimi.

„Er nokkuð hægt að gera annað en það að sætta sig við núverandi takmarkanir á meðan sóst er eftir þeim stórfengleika sem er réttur mannsins samkvæmt hinu guðlega lögmáli þróunarinnar? Er ekki til eitthvað (til samanburðar) sem kalla mætti andlega minnimáttarkennd þeirra sem eru næmir (og ef til vill um of næmir) fyrir þeirri staðreynd, að þó svo líf þeirra sé fullt vitsmunalegra áhugamála þá hafi eyðimörk hjarta þeirra ekki enn blómgast sem rós?

„Með öðrum orðum, hverju skiptir það þótt líf mannsins sé byggt á meginþætti vitsmunanna en ekki hjartans ef hann tekur sinn fyrirfram ákveðna stað, viðurkennir Bræðralag og þjónar í návist Föðurins?“

Svar mitt við slíkum spurningum er eftirfarandi:

Hér er ekki um að ræða spurningu um geisla né megináðgreininguna í dulfræðing og launspeking. Bæði höfuð og hjarta verða að starfa með jöfnum mætti hjá hinum jafnt þroskaða einstakling. Í tíma og rúmi og á braut þróunarinnar einkennast einstaklingar samt af einhverri megintilhneigingu í hverju einstöku lífi; það er aðeins vegna þess að við sjáum ekki heildarmyndina að við gerum þessar tímabundnu aðgreiningar. Maðurinn getur verið að mestu hugrænt innstilltur í einhverju einu lífi, og honum hentaði því ekki sú braut sem byggir á kærleikanum til Guðs. Í hjarta hans er kærleika Guðs að finna, og dulfræðilegt viðhorf hans er að verulegu leyti byggt á launspekilegri skynjun frá fyrri lífum. Verkefni hans er að þekkjá Guð með það í huga að túlka þá þekkingu í kærleika til allra. Greiðasta leiðin fyrir hann er því

kærleikur með ábyrgð sem birtist í skyldum við hópinn og fjölskylduna. Alheimslegur  
kærleikur, sem geislar út til alls í náttúrunni og allra lífsforma, mun fylgja í kjölfarið á meiri og  
þróaðri þekkingu á Guði, en það mun verða hluti af þroska hans í komandi æviskeiði.

Þeir sem rannsaka mannlegt eðli (og það ættu allir leitendur að gera) ættu að hafa í huga  
að um er að ræða tímabundna breytipætti. Fólk er mismunandi eftir:

- a.* Geisla (sem hefur aðallega áhrif á segulkraft lífsins).
- b.* Viðhorfi til sannleikans, annað hvort hið dulfræðilega eða hið launspékilega hefur  
meira aðdráttarafl.
- c.* Vitundarstillingu, sem ákvarðar tilfinningalega, hugræna eða efnislega meginstefnu  
lífsins.
- d.* Þróunarstöðu, sem veldur fjölbreytninni meðal manna.
- e.* Stjörnumerki, sem ræður stefnu viðkomandi æviskeiðs.
- f.* Kynstofni, sem tengir persónuleikann einhverju sérstöku kynstofnshugformi.

Geislagreinin sem maðurinn er á, minni geislinn sem breytist við hvert æviskeið, gefur  
honum sitt sérstaka yfirbragð í núverandi lífi. Þessi geisli er aukalitur hans. Gleymið ekki að  
aðalgeisli mónadsins varir um óratíma. Hann breytist ekki. Hann er einn af aðalgeislunum  
þrem sem að lokum samfjalla syni mannana. Sálargeislinn breytist við hverja umferð, og hjá  
þroskaðri sálum breytist hann við hvern kynstofn. Hann er einn af fimm geislum okkar  
núverandi þróunar. Orsakalíkami mannsins sveiflast í takt við þennan geisla. Hann samsvarar  
ef til vill geisla mónadsins eða er einn af uppfyllingarlitum aðalgeislans. Geisli persónuleikans  
breytist í hverju lífi þar gengið hefur verið í gegnum allan skala hinna sjö geislagreina  
mónadgeislans.

Þegar fólk, sem er á sama eða líkum mónadgeisla, er athugað kemur í ljós að það finnur  
til samkenndar hvert með öðru. Við verðum þó að hafa í huga að til að mónadgeislinn fari að  
hafa mikil áhrif verður þróunin að hafa náð nokkuð langt. Flest tilfelli falla því ekki undir  
þennan flokk.

Þegar um er að ræða venjulega þroskaða menn, sem eru að leitast við að umbreyta  
sjálfum sér til samræmis við hugsjónina, skapar líkur sálargeisli gagnkvæman skilning og  
vinátta fylgir í kjölfarið. Tvær persónur á sama sálargeisla eiga auðvelt með að skilja viðhorf  
hvors annars, þær verða miklir vinir og hafa óbifandi traust hvor á annari, því hvor um sig  
finnur að hin bregst við á sama hátt og hún sjálf myndi gera.

En þegar geisli persónuleikans er einnig sá sami verður til hin fágæta fullkomna vinátta,  
fyrirmyndar hjónaband og órjúfanlegt samband tveggja persóna. Það er vissulega fátítt.

Í því tilfelli að persónuleikageisli tveggja persóna er sá sami, en sálageislinn ólíkur,  
verða oft til þessi snöggu og óvæntu vináttusambönd og tengsl sem eru eins hverful og  
skammvinn og fiðrildi. Þessi atriði þarf að hafa í huga, og skilningur á þeim veldur

aðlögunarhæfni. Glöggskyggni veldur varfærni í viðhorfum.

Önnur ástæða mismunar getur verið vitundarstilling í mismunandi líkömum. Skilningur á þessu atriði er einnig nauðsynlegur til að fá rétta heildarmynd þegar unnið er með fólk. Þegar sagt er að maður sé vitundarstilltur í geðlíkamanum, er í raun og veru átt við að starf sálar hans fari að mestu leyti fram í gegnum það starfstæki. Vitundarstilling þýðir hrein rás. Ég skal útskýra þetta nánar. Sálarlíkami hins almenna manns er staðsettur á þriðja sviðsstigi hugarsviðsins. Ef geðlíkami manns er að mestu samsettur úr þriðja sviðsstigs geðrænu efni og hugræna starfstækið úr fimmta sviðsstigs hugrænu efni mun sálin einbeita viðleitni sinni að geðlíkamanum. Hafi hann hugarlíkama úr efni fjórða sviðsstigsins og geðlíkama úr efni fimmta sviðsstigsins verður vitundarstillingin hugræn.

Þegar sagt er að sálin hafi meiri eða minni tök á persónu er raunverulega átt við að persónan hafi byggt líkama sína úr efni æðri sviðsstiganna.

Sálin fær ekki áhuga á því að stjórna manningum fyrir en hann hefur útrýmt efni sjöunda, sjötta og fimmta sviðsstigsins úr starfstækjum sínum. Sálin færir út áhrifasvið sitt þegar maðurinn hefur byggt í líkama sína visst hlutfall af efni fjórða sviðsstigsins; þegar visst hlutfall af efni þriðja sviðsstigsins er komið í starfstækin er maðurinn kominn á Veginn; þegar efni annars sviðsstigsins er orðið ríkjandi tekur maðurinn vígslu, og þegar hann hefur eingöngu efni fyrsta sviðsstigsins í líkömum sínum verður hann meistari. Það hefur því mikla þýðingu hvaða sviðsstig er ríkjandi hjá manningum og skilningur á vitundarstillingu hans varpar ljósi á líf hans.

Hið þriðja sem þið þurfið að muna er að jafnvel þó þessi tvö atriði séu viðurkennd veldur þekkingarleysi á reynslualdri sálarinnar oft skilningsskortir. Ofangreind atriði koma þó ekki að miklum notum, því að hæfni til að skynja geisla mannsins er ekki enn fyrir hendi hjá mannkyninu. Allt og sumt sem nú er mögulegt er líkleg ágiskun og notkun innsæisins. Hinir lítt þroskuðu geta ekki skilið fullkomlega hina meira þroskuðu, og þroskaður maður skilur ekki vígsluhafa. Hinn meiri skilur hinn minni en hið gagnstæða er ekki raunin.

Hvað varðar athafnir þeirra, sem náð hafa mun lengra en þið sjálf á þróunarbrautinni, get ég aðeins beðið ykkur að gera þrennt:

- a. Dæmið ekki. Yfirsýn þeirra er meiri. Gleymið ekki að einn mikilvægasti eiginleikinn, sem meðlimir Stúkunnar hafa aflað sér, er hæfileikinn til að sjá hve eyðing forma er lítilvæg. Þeir láta sig mest varða lífið sem er að þroskast.
- b. Gerið ykkur ljóst að öll verk bræðranna eru unnin með viturligt markmið í huga.